

Umsóknir í Launastjóði listamanna eru metnar samkvæmt eftirfarandi kvarða. Veitt eru stig á skalanum 0 - 10. Núll stig þýða að lágmarkskröfum er ekki mætt.

Launastjóðir hönnuða, myndlistarmanna, rithöfunda, sviðslistafólks, tónlistarflytjenda, tónskálda og kvikmyndahöfunda. Umsóknir í Vegsemd, sjóð fyrir listamenn 67 ára og eldri, tengjast alltaf fagsjóði.

Matspáttur	Vægi*	10. stig	5. stig	1. stig
1 Vinna og tímaáætlun Fyrirhuguð vinna; - er áhugaverð - er vel skilgreind - hefur listrænt gildi <i>(síða 2.1 Lýsing á vinnu)</i> Tímaáætlun - er vel skilgreind - er sannfærandi - Trúlegt að markmið náist <i>(síða 2.1 Lýsing á vinnu & s. 2.2 Tímaáætlun)</i>	70%	Vinna sem liggur til grundvallar umsóknar eru mjög áhugaverð, vel skilgreind og hefur mikið listrænt gildi. Tímaáætlun er mjög vel skilgreind, afar sannfærandi og mjög trúlegt að markmið náist.	Vinna sem liggur til grundvallar umsóknar uppfyllir a.m.k. tvö skilyrði vel. Tímaáætlun er ekki nægjanlega vel skilgreind en þó ekki ólíklegt að markmið náist.	Vinna sem liggur til grundvallar umsóknar uppfyllir ekkert skilyrði vel. Töluvert skortir upp á tímaáætlun og erfitt að meta hvort markmið náist.
2 Ferill listamanns - Náms- og starfsferill (lýsing í umsókn og heildar ferilskrá (CV) í viðhengi) - Viðurkenningar - Verk sýnd, flutt eða birt opinberlega - Listamaður er að hasla sér völl með áhugaverðri umsókn <i>(síða 1.1 Umsækjandi og ferilskrá í viðhengi)</i>	30%	Listamaður hefur hlotið afgerandi viðurkenningu fyrir verk sín og verk hans margoft verið sýnd, flutt eða birt opinberlega EÐA listamaður er að hasla sér völl með framúrskarandi áhugaverðri umsókn.	Listamaður hefur reglulega sýnt, flutt eða birt verk sín opinberlega á liðnum árum EÐA listamaður er að hasla sér völl með áhugaverðri umsókn.	Verk listamanns hafa sjaldan verið sýnd, flutt eða birt EÐA umsókn listamanns er lítið áhugaverð.

*Uppfylli umsækjendur skilgreiningar Vegsemdar um að vera starfandi listamenn, 67 ára og eldri, sem hafa varið starfsævi sinni til listsköpunar og skarað fram úr á sínu sviði víxlast matskvarðinn og vægi ferils verður 70%. Umsækjendur, 67 ára og eldri, geta valið að umsókn þeirra falli ekki undir Vegsemd.